

Ljósmyndin er tekin 13. júlí 2010 af Kristjáni Ásbergssyni. Mælikvarðinn er 168 cm á lengd. Skútinn í lofti steinsins tekur lengd handleggis.



Skurnin í Djúpinu

Bergþóra Sigurðardóttir

læknir í öldungadeild Lí

bergkristall@simnet.is

Halldóra og eggjð

Mér er minnstætt símtal sem ég fékk kvöld eitt þegar ég var á vakt á Ísafirði. Kona hrópaði í angist í símann: „Pabbi er með hræðilegar blóðnasir.“ Það getur verið erfitt fyrir lækni að meta hvað er hræðilegt í símaviðtali. „Ég kem,“ svaraði ég. Heimili sjúklingsins var hvort sem er á leiðinni að gamla sjúkrahúsinu. Mér krossbrá þegar ég sá manninn. Þetta voru svo sannarlega hræðilegar blóðnasir. Blóð og blóðstorka lafði í löngum taumum úr báðum nösnum og munni. Ég ræð aldrei við þetta ein, hugsaði ég á leiðinni á sjúkrahúsið. Þar tók á móti okkur gömul og reynd hjúkrunarkona ættuð úr Djúpinu, Halldóra Guðmundsdóttir. Hún var dálítið kyndug á svipinn. „Ættum við að reyna?“ Reyna hvað? hugsaði ég. Þá rann upp fyrir mér að Halldóra hafði nokkru áður lýst fyrir mér hvaða ráð var notað í hennar heimahögum til að stoppa blóðnasir. Það var farið út í hæsnakofa og náð í nýorpið egg. Skurnin var mulin og tekin í nefið.

Gamli spítalinn var nú ekki hátækni-sjúkrahús en mortél var við hendina. Glerkrukka, hefur síðar reynt mér ágætur töflubryjótur. Meðan ég hreinsaði vit sjúklingsins eftir bestu getu muldi Halldóra litlar kalktöflur (kalsíum laktat) sem sjúklingsurinn saug upp í nefið eins og vanur tóbakskarl. „Þetta er búið,“ sagði hann að bragði. Þetta var ótrúlegt. Við báðum hann að hinkra, en eftir 15-20 mínútur taldi hann sig vissan um árangurinn og við gátum ekki haldið honum lengur. Hvernig er það, á ekki kalsíum-jónin sinn sess í storknunarferlinu?

Nokkru seinna hringir hjúkrunarkona í mig frá sjúkrahúsinu. „Hér er maður með slæmar blóðnasir.“ Ég hélt að lækning okkar Halldóru væri orðin alþekkt staðreynd og segi. „Gefðu honum kalk í nefið meðan ég er á leiðinni.“ Þegar ég kem á staðinn situr sjúklingsurinn og kona hans í skoðunarherberginu og stóð hvor sinn helm-ingurinn af stórrí kalsíum-sandoz-töflu út úr nösnum sjúklingsins. Þetta var nú of mikið fyrir mínar hláturtaugar. Við bárum okkur að eins og í fyrri sinni með góðum árangri. Ég benti þeim hjónum á að það þyrfti að fylgja eftir blóðþrýstingnum hjá manninum. Skömmu seinna birtust þau á stofu hjá mér. Frúin hafði orð fyrir þeim.

„Við ákváðum að hafa þig fyrir lækinn okkar, þú hlóst svo skemmtilega.“

Bergþóra í Steininum eða Steinninn í Skötufirði

Fljótlega eftir að ég fluttist til Ísafjarðar sýndi Hjörtur Hauksson læknir mér mynd sem mér fannst mjög spennandi. Hún var af konunni hans þar sem hún var inni í stórum steini í landi Kleifa sem er eyðibýli vestanmegin í Skötufirði.

Skötufjörður er 16 km langur fjörður, sá fimmti í Ísafjarðardjúpi talið frá Skutulsfirði. Vegurinn er upphækkaður og liggur með fjörunni og er steinninn hluti af skriðu ofan vegar. Ég heimsótti þennan stein oft því eins og Kjarval sagði: „En ég segi þér satt, steinar eru spakir í landslagi, steinar brosa í landslagi. En það fer auðvitað eftir því hver gengur framhjá.“ Nú er því svo farið að hann gerir meira en að brosa til mín, hann ögrar mér. Hann kallar á mig og vill miðla mér af spekt sinni sem getur verið erfitt að ráða í. Hann veit að skurnin, jarðskorpan, er í flekum, en hann þarf ekki að hræðast bröltið í þeim lengur, og Vestfirðir fóru fyrir nokkrum miljónum ára yfir eldhjarta Íslands og þá hlóðst upp hraunlagastaflinn sem hann er hluti

af. Að hann var einu sinni í 1100°C heitu eldhrauni. Það gekk oft mikið á. Síðan lenti hann oft undir þungu fargi jökla ísaldar. Stundum var hlíðin hans viði vaxin. Það er margs að minnast.

Hvorki ég né Þuríður, kona Hjartar, minna hann á hunangsflugur. Hvernig getur hann þá hafa orðið til við býkúpuveðrun (*Honeycomb weathering*)? Á Seyðisfirði er frægur stakur steinn, Dvergasteinn. Hann er meira að segja til á póstkorti. Sjálfur er steininn hluti af heilli skriðu með holusteinum, dvergar hefðu átt fullt í fangi með að meitla allar þær holar. Það komu meira að segja enn fleiri holusteinir í ljós í skriðunni þegar vegurinn var breikkaður á síðasta áratug. Þá vorum við hrædd, ég og steinninn, en hann stóðst áfallið og rauða skánin í veginum var ekki blóð heldur úr jarðlagi sem skolaðist fljótlega af veginum. Hann veit að hann á marga frændur á Vestfjörðum og einn þeirra var stærri og mikilfenglegri en hann sjálfur. Þetta var steinn í fjörinni við Hnífsdalsveg og fékk hann oft gesti sem borðuðu nestið sitt í og við steininn. Hann átti meira að segja nafn: Urtusteinn. Hann man vel urtuna, það er fögur minning. Hann fékk mynd af sér í stórri bók (*Saga Ísafjarðar*, 1. bindi, bls. 16) og á netinu. Steininn okkar hryllti við því að sæta örlögum Urtusteins, að verða vegfylling. Hann hefur hins vegar meira gaman af því að heilsað sé upp á hann en þotið framhjá í bíl.

Frá Lyfjastofnun og Frumtökum

Samkomulag um notkun merkis um fræðsluefni



Helga Þórisdóttir
settur forstjóri
Lyfjastofnunar



Jakob Falur Garðarsson
framkvæmdastjóri
Frumtaka

Lyfjastofnun og Frumtök hafa gert með sér samkomulag um notkun merkis fyrir fræðsluefni, sem er forsenda markaðsleyfis ákveðinna lyfja, og fyrir aðrar mikilvægar öryggisupplýsingar. Merkið auðkennir póst til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna þegar um er að ræða efni sem dreift er að kröfu eða með sérstöku samþykki Lyfjastofnunar. Eftir því sem við á verður merkið einnig notað í tölvupóstum og símbrefum.

Efnið er annars vegar fræðsluefni sem markaðsleyfishafa er skylt að útbúa samkvæmt skilyrðum í markaðsleyfi lyfs og varðar mikilvæg atriði um öryggi lyfja, og hins vegar bréf til heilbrigðisstarfsmanna (*Direct Healthcare Professional Communication; DHPC*).

Markaðsleyfishafar sem eiga aðild að þessu samkomulagi skuldbinda sig til að

nota merkið ávallt til að auðkenna framangreint efni og einungis það. Óheimilt er að nota merkið fyrir auglýsingaefni markaðsleyfishafa.

Læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum ber að kynna sér fræðsluefnið!

Almennt um öryggisupplýsingar vegna lyfja

Þegar gefið er út markaðsleyfi fyrir lyf er það oft háð skilyrðum. Skilyrðin eru gjarnan þau að markaðsleyfishafi skuli senda skilgreint fræðsluefni til lækna sem mega ávísa lyfinu og annarra heilbrigðisstarfsmanna. Lyfjastofnun yfirfer efnið áður en því er dreift.

Tilgangur fræðsluefnisins er aðeins einn, að stuðla að öruggri notkun lyfs. Fræðsluefnið er ekki auglýsingaefni. Það skal sett skýrt fram og ekkert annað má vera í efninu en mikilvægar öryggisupplýsingar.

Markmiðið er að tryggja öryggi sjúklinga.

Þegar fram koma nýjar upplýsingar sem varða miklu um öryggi við notkun lyfja sem eru á markaði getur Lyfjastofnun krafist þess að markaðsleyfishafi sendi heilbrigðisstarfsmönnum bréf þar að lútandi. Bréfinu er ætlað að koma á framfæri mikilvægum upplýsingum um öryggi við notkun lyfsins. Áður en slíkt bréf fer í dreifingu þarf að hafa fengið samþykki Lyfjastofnunar.

